



13. fundur í aðalstjórn Aftureldingar þriðjudaginn 3. apríl 2018

Haldinn á skrifstofu Aftureldingar að Varmá kl. 18:00

Mætt: Dagný Kristinsdóttir (DK), Birna Kristín Jónsdóttir (BJ), Krístrún Kristjánsdóttir (KK), Anna Fríða Magnúsdóttir (AFM), Kjartan Reinholdsson (KR), Sigurður Rúnar Magnússon (SM), Geirarður Long (GL), Hanna Björk Halldórsdóttir (HBH) og Jón Júlíus Karlsson (JK) framkvæmdastjóri.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Formannafundur UMFA og bréf sem barst formönnum deilda Aftureldingar 3. apríl

Undirbúningur fyrir formannafund sem átti sér stað seinna um kvöldið þann 3. apríl. Umræðan snérist um bréf sem barst formönnum allra deilda Aftureldingar vegna fjármála tveggja ráða handknattleiksdeildarinnar.

2. Aukaaðalfundur UMFA

Aukaaðalfundur UMFA verður haldinn og boðaður með 4ja vikna fyrirvara eins og um venjulegan aðalfund sé að ræða. Aðalstjórn leggur til 7. maí. Kosið verður í aðalstjórn Aftureldingar. Óskað verður eftir því að formenn deilda líti í kringum sig og finna kandiðata til setu í aðalstjórn.

3. Stefnumótun - Mannvirkjamál - Búningar

Aðalstjórn skiptir verkum til að klára nokkur verkefni sem snúa að stefnumótun, mannvirkjamálum og búningamálum. Einnig að skipuleggja opin fund um málefni félagsins er snúa að aðstöðu. Einnig verður boðaður fundur með búninganefnd til að fara yfir tilboð fyrirtækja sem hafa borist undanfarið.

4. Samningaviðræður við Mosfellsbæ

Samingsdrög komin frá bænum sem er lítið breyttur frá fyrri samningi. Sótt var um hóflegar hækkanir á núgildandi samningi en ekki tekið vel í það.

5. Vefsíða

Búin að fá 3 tilboð sem verið er að skoða.

Fundi slitið kl 19.25
Krístrún Kristjánsdóttir
(sign).